

Umhverfisstofnun
Áb. SF HJ
18 FEB. 2004
54.52
Tilv. UST20040100206



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Síðunastaðan 24
150 1SS Reykjavík, Ísland

Tel. +354 591 2000
Fax. +354 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Hólmfríður Sigurðardóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

17. febrúar 2004
Tilvísun: UST20040100206/sf

1,6 km kafli Grundartangavegar, Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppi

Umhverfisstofnun hefur borist afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Hönnunar dags. 27. janúar sl. þar sem fram kemur að ofangreind framkvæmd falli ekki undir lið 10.b. í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og því eigi 6. gr. laganna ekki við um framkvæmdina.


Umhverfisstofnun gerir athugasemd við þann rökstuðning sem fram kemur í bréfi Skipulagsstofnunar fyrir því að um sé að ræða veg utan verndarsvæða. Samkvæmt 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru tilkynningaskyldar framkvæmdir m.a. allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjasrá. Verndarsvæði eru skilgreind í 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og eru m.a. svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um um náttúruvernd, þ.m.t. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri. Umhverfisstofnun telur að þegar metið er hvort framkvæmd hafi áhrif á votlendi sem falli undir 37. gr. laga um náttúruvernd og þar með verndarsvæði skv. 3. viðauka við lög nr. 106/2000 eigi að taka mið af heildarstærð votlendisins sem mun raskast við framkvæmdina en ekki eingöngu stærð þess svæðis sem mun raskast með beinum hætti við framkvæmdina. Það að 1,6 km kafli Grundartangavegar raski 2 ha af votlendi miðað við að vegrask verði 40 m breitt, sbr. framangreint bréf Skipulagsstofnunar, eigi því ekki að hafa áhrif á hvort svæðið sem slíkt teljist verndarsvæði skv. skilgreiningu í lögum heldur hvort heildarstærð votlendisins sé stærri en 3 ha.


Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá hér eftir til umsagnar öll mál er varða lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í bréfi Skipulagsstofnunar segir m.a. að samkvæmt erindi Hönnunar sé gert ráð fyrir að Grundartangavegur verði byggður áfram norðan iðnaðarsvæðisins og að hann muni tengjast Hvalfjarðarvegi en sú tenging sé ekki á framkvæmdaáætlun Vegagerðarinnar. Fram kemur að sú framkvæmd kunnist falla undir lið 10.b. í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Að mati Umhverfisstofnunar hefði verið eðlilegast að fjalla um matsskyldu vegarins í heild

sinni, enda mun lega þess kafla sem nú er til umfjöllunar að miklu leyti ákvarða legu þess kafla sem tengjast mun Hvalfjarðarvegi.

Virðingarfyllst,


Sigrún Friðriksdóttir


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs